

MONITOR



TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

BT Skeifan opin til kl. 22 alla daga!



Fyrir boltann
Enn meiri verðlækkun

SAMSUNG

Takmarkað magn

- Tegund: LCD - FullHD
- Upplausn: 1920 x 1080p
- Dýnamísk skerpa: High Contrast
- Endurnýjunartíðni: 50Hz
- Viðbragðstími: 6ms
- Móttakari: Háskerpumóttakari
- Myndvinnsluvél: Já, Samsung DNIe, Wide Colour Enhancer 2, 10bit litvinnsla
- Hátalarar: Já, 2x10W - SRS TruSurround HD & Dolby Digital Plus
- Tengi: SCART(2), VGA, HDMI(4), Component, Composite, Optical, Mini-Jack(3,5mm), USB, Antenna
- Hæð(x)Breidd(x)Dýpt: 63,8(x)99,8(x)7,9 cm
- Annað: Media Center, Game Mode, AnyNet

179.999 ~~199.999~~ **37%**

209.999 ~~229.999~~ **40%**

Fartölva

acer

Acer 5532-5509

- Athlon 64 TF-36 2.0Ghz
- 320 GB, Serial ATA
- 2 GB DDR2 SDRAM, 667 MHz
- ATI Mobility Radeon HD 3200
- 15.6" TFT (1366 x 768)
- Vefmyndavél og kortalesari
- Microsoft Windows 7 Home Premium

99.999

Playstation 3

120GB

64.999 ~~69.999~~

250GB

74.999 ~~79.999~~

Leikir

11.499

5.999

11.499

MP3 spilari

SAMSUNG

16GB

Samsung MP3 spilari

- 16 GB flash minni
- 2.4" LCD skjár
- FM útvarp
- Innbyggður diktafóinn
- MP3 / WMA / Ogg / FLAC
- WMV / MPEG4
- Rafhloðuending allt að 50 klst.

29.999

MP3 spilari

8GB

Coby MP3 spilari

- 2.0" bjartur LCD skjár
- 8GB minni (ca.2500lög)
- FM útvarp með stöðvaminni
- Spilar tónlist, video og ljósmyndir
- MP3 / WMA / MPG / VOB
- MPEG4 / AVI / FLV / WMV
- Rafhloðuending allt að 11 klst.

14.999 ~~17.999~~

Myndir

2.799

2.499

2.499

2.499

Tónlist

2.999

2.199

2.199

Ferðataeki

CD

Scott ferðataeki
SC SX25SR

7.999 ~~9.999~~

DVD ferðaspilari

DVD

DMTECH
NLPDV9708B

19.999



Skilaðu inn 3 stk. spiluðum PS3 leikjum eða fleiri og þú færð 25% hærra verð fyrir!

Sjónvarpsflakkari

500GB

Verbatim Full HD sjónvarpsflakkari með upptöku og DVB-T Tuner

Taktu upp HM leikina og horfðu á þá aftur og aftur!

- Spilar FULL HD 1080i (h.264)
- Spilar af USB eða SD korti
- 10/100 tengi

59.999 ~~69.999~~

Flakkari

1TB

Verbatim 1.0 TB harður diskur

19.999



MUNDI VONDI
DRESSADI SIG UPP



BIRGITTA HAUKDAL
FANN KJÓL VIÐ HÆFI

Endurunnar stjórnur

Mynd/Golli

Fræga fólkið sýnir notuð fót á tiskusýningu Hjálpræðishersins

Í Hertex-versluninum má dressa sig upp í notuð fót fyrir spottprís en allur ágóði af sölunni rennur til starfs Hjálpræðishersins fyrir heimilislausu. Rannvá Olsen, hjá Hjálpræðishernum, segir að nú sé kominn tími til að kynna þessar verslanir almennilega og af því tilefni verður haldin tiskusýning á Austurvelli. Þar koma fram stórstjórnur á borð við Birgittu Haukdal, Pál Óskar, Jón Gnarr, Ilmi Kristján og Haffa Haff, klæddar fötum frá Hertex frá toppi til táar.

Fötin berast Hertex sem gjafir en það fer ekki hvað sem er upp í hillu. „Við sorturum þetta að sjálfsögðu,“ segir Rannvá. „Margt er ekki söluhæft en þá sendum við það bara áfram til Rauða krossins sem vinnur úr því og sendir það til dæmis út.“ Þá segir hún að

þótt margir komi til að klæða upp fjölskylduna þá sé eftirspurnin hjá unga fólkinu mikil. „Þetta er í tisku og það kemur mikið af ungu fólki sem hefur áhuga á tisku.“

Skemmtilegt að vera öðruvísi
„Það er alltaf gaman að kíkja í svona búðir og það leynast ótrúlegar gersemar þarna,“ segir Birgitta Haukdal, söngkona, sem kíkti í Hertex til þess að skoða fót fyrir tiskusýninguna.

Birgitta nýtti sér verslunina þegar hún fluttist til borgarinnar 18 ára gömul og hafði gaman af því að kaupa fót sem enginn annar átti. Hún er ánægð með að hafa endurnýjað kynnin og segist jafnvel geta fundið eitthvað til að nota á sviðinu. „Það er svo skemmtilegt að vera ekki í nákvæmlega eins fötum

og allir sem eru að horfa þegar maður er að koma fram. Vera ekki endilega í einhverju sem er glænýtt og fjöldaframleitt. Og þarna er líka hægt að finna allskonar fylgihluti og skemmtilegt dót.“

Þá segir hún alveg bannað að gefast upp ef maður finnur ekki eitthvað í fyrstu tilraun. „Það er ekki nóg að kíkja bara einu sinni því það er alltaf að koma eitthvað nýtt og þarna inni á milli leynist gullið.“

Bara leita meira!

„Það geta allir fundið eitthvað hér, það er ekki spurning,“ segir vinalegi fatahönnuðurinn Mundi Vondi sem var að skoða úrvalið í Hertex þegar Monitor náði í hann. Hann segist ekki hafa verslað þarna áður en hann muni klárlega gera það í framtíðinni.

VERSLANIR HERTEX

Fatabúð, Garðastræti 6
Nytjamarkaður, Eyjarslóð 7
Fata- og nytjamarkaður á Akureyri,
Hjaltteyrargötu 2
Fatamarkaður, Ásbrú í Reykjanesbæ

Verandi fatahönnuður er Mundi alvanur tiskusýningum. Í fyrsta skiptið ætlar hann þó að koma fram sem módel á tiskusýningu Hertex. „Ég er nú svolítið stressaður, ég get ekki neitað því,“ segir hann. Og hann er með einfalt ráð til þeirra sem finna ekki eitthvað strax. „Bara leita meira!“ Tiskusýningin hefst stundvíslega á Austurvelli klukkan 18 á fimmtudag og að henni lokinni verður fatamarkaður í Herkastalanum að Kirkjustræti 2.

Monitor mælir með

SPILARANN Hvers vegna var fyrsta þakkargjörðarhátiðin haldin? Hver er illgjarnasta kona mannkyns-sögunnar? Af hverju var Evita ekki grafin fyrr en áratugum eftir andlát sitt? Svör við þessu og öllu öðru fæst í **Stuff you missed in history class**-podcastinu sem nálgast má ókeypis í gegnum iTunes. Ungir sagnfræðingar deila vísu sinni í ferskum hljóðpistlum sem eru 10 til 20 mínútur að lengd. Þú verður gáfaðri með hverri strátóferð með þetta í eyrunum.



BÍÓ Regnboginn er eina bíóið í miðbæ Reykjavíkur og þrálátur orðrómur er um að til standi að loka honum vegna tapreksturs. Það viljum við ekki. Bíóferðin verður sumarlegri ef þú leggur niðri í bæ og röltir í bíó í miðbænum.



AFBÆYING Þústrar í miðbænum heyrðu sögunni til ef allir skelltu sér í **Laser Tag** á Salavegi 2 í Kópavogi einu sinni í viku. Um að gera að sletta aðeins úr klaufunum og fá heilbrigða útrás í staðinn fyrir að horfa á vídeó og byrgja inni reiðina.



Vikan á...

facebook



Fridrik Ómar is proud of Hera!! She did a great job and the icelandic team was amazing! Congratulations Germany! Great song!!! Love, ólaf! (ragnar grimsson?) Lokking forward to esc in Germany 2011!!!

Sunnudagur kl. 04:07



Bubbi Morthens Sjá litla dömu brosa vagma í sínum fyrstu sporum fyrstu orðin sem verða að setningum litlar hendur snerta sjá karaterin koma fram Lík og Málverk á striga Guð er góður við okkur öll innum Græn tré og grænt gras þar sem Hunangsflugur kjaga um löðrandi í frjó. Allt er Gott garðurinn ljómar af lífi ekkert skiftir máli nem...a Ástin mín og börnin.

Sunnudagur klukkan 19:33



Heiðar Austmann "Kann frekar vel við þig.....en samt EKKI!"

Mánudagur klukkan 17:19



Hemmi Gunn "Hluti þekkingarinnar er í því fólgin að vita ekkert um þá hluti, sem eru ekki þess virði að vita nokkuð um". Það er einnig þroskamerki að geta sagt, ég kann ekki, veit ekki eða skil ekki, því enginn er fullkominn! Gerum þetta að frábærum degi.

Mánudagur klukkan 20:44

Feitast í blaðinu

Synir Jesú eru að gera góða hluti og fengu Davíð Oddsson í grínskets. >>4

Steindi Jr. er nú með lag í spilun í útvarpinu, en það er úr síðasta þætti hans. >>6

Haffi Haff er að gefa út sína fyrstu plötu. Hann er í opinskáu viðtali. >>8

Stíllinn er með Sex and the City-æði, en nýja myndin verður frumsýnd um helgina. >>13

Fílófasið hefur að geyma alla helstu viðburði helgarinnar á einum stað. >>14

Efst í huga Monitor

Ofurpólitíkusinn

Forsíðu síðasta tölublaðs Monitor prýddi sannkallaður ofurpólitíkus sem var skapaður úr líkamspörtum oddvitanna átta sem buðu sig fram í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík. Forsíðan vakti mikla athygli og fengum við fjölda fyrirspurna um hvaða líkamspartar kæmu frá hvaða framþjóðanda. Hér má sjá hvernig ofurpólitíkusinn var búinn til.

Hár og enni: Ólafur F. Magnússon
Augu: Jón Gnarr
Gleraugu og eyru: Einar Skúlason
Háls og augabrúnir: Sóley Tómasdóttir
Haka: Helga Þórðardóttir
Munnur og yfirvaraskegg: Baldvin Jónsson
Nef: Hanna Birna Kristjánsdóttir
Búkur, kinnar og hendur: Dagur B. Eggertsson





GRÍMUR BJÖRN, FRÍÐRIK DÓR OG FANNAR KUNNA BEST VIÐ SIG INNAN UM LÚPÍNUR

Fengu Davíð Oddsson í skets

Grínteymið Synir Jesú er að gera góða hluti

„Hann stóð sig virkilega vel. Hann er góður leikari,“ segir Friðrik Dór Jónsson, einn meðlima grínteymisins Synir Jesú. Friðrik og félagar hans úr Sonum Jesú, þeir Grímur Björn Grímsson og Fannar Sveinsson, fengu Davíð Oddsson, ritstjóra Morgunblaðsins, sem gestaleikara í skets sem var sýndur á mbl.is í vikunni. Sketsinn hefur vakið mikla athygli á stuttum tíma og segjast strákarnir hæstánægðir með frammistöðu Davíðs. „Hann spanna eiginlega textann sinn sjálfur

og við tókum þetta upp á met tíma, enda er hann upptekinn maður,“ segja strákarnir.

Ætla að gera aðra seríu

Synir Jesú hafa verið með vikulega vefþætti fyrir Monitor á mbl.is í vetur, en þættirnir birtast fyrst hjá Ring-símabjónustunni og eru aðgengilegir notendum þar. „Viðtökurnar eru búnar að vera mjög góðar,“ segir Fannar og Friðrik bætir við: „Við eigum orðið marga aðdáendur og jafnvel enn fleiri aðdáendur

sem vita ekki ennþá að þeir eru aðdáendur.“

Fyrsta þáttaröð hjá Sonum Jesú er senn á enda og segjast strákarnir staðráðnir í að gera aðra, þótt einhver bið verði reyndar á því. „Við erum að fara hver í sína áttina. Fannar er að flytja til Danmerkur í sumar og ég er að fara til San Francisco í kvikmyndanáma, en það er engin spurning að við gerum eitthvað meira í framtíðinni,“ segir Grímur.



SKETSINN MEÐ DAVÍÐ ER AÐ FINNA Í MONITOR-TV Á FÓLK-SÍÐU MBL.IS

Mynd/Ernir



EYVINDUR EGGERTSSON, LINDA MJÖLL ÞORSTEINSDÓTTIR OG ÓSSUR HAFÞÓRSSON ERU VEL SKREYTT

Flúrin stækka

Húðflúrlistamenn leggja undir sig Sódómu Reykjavík um helgina

„Við tókum Sódómu og breytum henni í eina risastóra tattoo-stofu,“ segir Linda Mjöll Þorsteinsdóttir, húðflúrlistamaður, en hún ásamt félögum sínum á Reykjavík Ink stendur fyrir fimmtu árlegu Tattoo-hátíðinni á Sódóma Reykjavík um helgina. Þar koma saman 17 listamenn víðsvegar að úr heiminum sem hún segir vera stór nöfn í bransanum.

„Fólk annað hvort kemur með myndir með sér, eða með hugmyndir upp listamaðurinn tekur og teiknar sem listamaðurinn tekur og teiknar upp eitthvað rosalega flott. Svo sestu bara í stólinn hjá honum,“ segir Linda Mjöll og hafa margir beðið eftir hátíðinni til að láta flúra sig. „Svo er líka fullt af fólki sem

tekur spontant ákvarðanir og fær sér bara eitthvað lítið sætt. Eða stórt. Það er allt í gangi.“

Hátíðin hefur verið vinsæl og komast íðulega færri að en vilja, enda segir Linda Mjöll vinsældir húðflúrs alltaf jafnmiklar og tattooin stækki bara ef eitthvað er. „Þannig að ég mæli með því að fólk sem ætlar að fá sér flúr mæti snemma á föstudag til að finna sér artista og panta sér tíma!“

Hátíðin stendur yfir alla helgina, frá 14 til 23 á föstudag, frá 12 til 23 á laugardag og frá 12 til 20 á sunnudag. Dagpassi kostar 650 krónur en helgarpassi 1.600 krónur. Eftir lokun á föstudag og laugardag taka svo við rokktonleikar.

Barnsleg einlægni í fylgd með fullorðnum

Hljómsveitin Musik Zoo er nýbúin að gefa út lagið Devil's Own og lýkur við gerð nýrrar plötu í sumar

„Við vorum allir að spila á CMJ-hátíðinni í New York og fundum strax fyrir tengingu þótt við kæmum úr ólíkum áttum og héldum svo sambandi eftir að Quarashi og Vínýll hættu. Svo hittumst við á tangó-námskeiði hjá Helga Seljan, fréttamanni, fyrir um einu og hálfu ári síðan og fundum grúvíð,“ segir Egill Ólafur Thorarensen um upphaf samstarfs hljómsveitarinnar The Musik Zoo en í henni eru meðal annarra Vínýlbræðurnir Kristinn og Guðlaugur Júníussynir.

Eins og í dýragarði

Bræðurnir og Egill, sem margir muna betur eftir sem Tiny úr Quarashi, hafa ekki látið ýkja mikið fyrir sér fara síðustu

misserin en þeir hafa verið uppteknir við annað og meðal annars búið erlendis. Nú eru þeir hins vegar allir á klakanum og hafa gefið út nýtt, dúndurgott lag, Devil's Own, og það er meira á leiðinni að sögn Egils. „Við erum í miðjum upptökum á plötu sem við ætlum að klára í sumar en við höfum unnið að efni síðastliðið eitt og hálf ár. Við komum úr ólíkum áttum og reynum að blanda áhrifunum skemmtilega saman, eins og í dýragarði.“ Og hann bætur við að undir harðri skel leynist oft perlur og fólk geti búist við að sjá það á tónleikum. „Fólk má búast við barnslegri einlægni í fylgd með fullorðnum á tónleikum, en við ætlum að byra að spila í júlí og munum leggja mikinn metnað í gott show.“

YouTube Nýja lagið The Musik Zoo, Devil's Own, má finna á Youtube.



EGILL ÓLAFUR OG FÉLAGAR HANS ÚR THE MUSIK ZOO

Ágæti verðandi framhaldsskólanemi!

Nú er komið að því að velja framhaldsskóla. Ef þú ert góður nemandi þarft þú að spyrja þig nokkurra spurninga:

1. *Vil ég fara í lítinn persónulegan skóla með líflegu félagslífi?*
2. *Vil ég fara í skóla með bekkjarkerfi þar sem auðvelt er að mynda vinatengsl?*
3. *Vil ég fara í skóla sem hefur það að aðalmarkmiði að búa nemendur undir nám í háskóla?*
4. *Vil ég fara í skóla þar sem ég vinn „heimavinnuna“ í skólanum?*
5. *Vil ég frekar útskrifast sem stúdent laugardaginn 7. júlí 2012 en laugardaginn 24. maí 2014?*

**Svarir þú þessum spurningum játandi
átt þú erindi í Menntaskólann Hraðbraut!**



MENNTASKÓLINN
HRAÐBRAUT

TVEIMURÁRUM
ÁUNDAN

Faxafen 10
108 Reykjavík
Sími: 565-9500
Fax: 565-9501

Netfang: postur@hradbraut.is
Veffang: www.hradbraut.is



STEINDI JR. BREGÐUR
SÉR Í BETRI FÖTIN

Auðvelt að fá fræga fólkið

Lagið Geðveikt finn gaur úr þáttunum Steindanum okkar gæti orðið sumarsmellurinn í ár

„Við Bent höfum alltaf verið með svo mikið „mancrush“ á hann svo það hentaði mjög vel að gera lag um það,“ segir Steindi Jr. um Ásgeir Orra Ásgeirsson sem leikur á móti honum í myndbandi við lagið Geðveikt finn gaur, en Steindi og Bent, sem saman skrifa þættina Steindinn okkar, höfðu fylgst með Ásgeiri gera góða hluti í grínþáttunum 12:00 í Versló. Lagið fjallar um nýtilkomna vináttu Steinda og Ásgeirs sem drifin af gagnkvæmri aðdáun rís aðeins of hratt og fer úr böndunum. Það hefur slegið í gegn, bæði á Netinu og í útvarpinu, og lítur allt út fyrir að sumarsmellurinn sé kominn.

En er þó er óvíst hvort sjá megi Steinda troða upp á bæjarhátíðum í sumar samhliða Eurobandinu. „Nei, það hefur reyndar reyndar enginn hringt ennþá,“ segir hann og hlær. Í þáttunum sínum fær Steindi oft þekktu aðila til að taka þátt í afar steiktu gríni. Til dæmis sést Jón Ársæll grilla á sér höndina í einu atriði. En Steinda finnst venjulega ekkert óþægilegt að biðja fólk um að taka þátt í sprellinu. „Það var bara mjög heimilislegt að hringja í Jón Ársæl enda er hann geðveikt finn gaur. En það er mun erfiðara að fá vini manns í þetta enda eru þeir löngu komnir með nóg.“

EUROVISION



EURO-HAUKUR ER DÓSENT Í EUROVISION

Uppgjörs-skýrsla

Til þess að Euro-nördar geti lagst í dvala (sem er þó styttri en flesta grunar) er mikilvægt að uppgjör eigi sér stað. Ýmislegt kom upp á í Eurovision sem erfitt er að sætta sig við. Útreið Íslands er ekki endilega eitt af þeim atriðum enda náðum við í úrslitakeppnina auk þess sem Hera lenti í þriðja sæti í forkeppninni, sem hlýtur að teljast mjög gott. Margir furða sig á þessum mikla mun á gengi Íslands þessi tvö kvöld en ég tel skýringuna vera frekar einfalda. Í forkeppnunum eru það fyrst og fremst aðdáendur sem þekkja lögin sem hafa fyrir því að fylgjast með og kjósa. Við flugum áfram og þar sem Ísland er vinselt land á meðal aðdáenda þá eru góðar líkur á að við komumst áfram upp úr forkeppnunum. En það er skammgóður vermir því á lokakvöldinu flykkjast blindfullir amatörarnir svo að skjánum og þá er voðinn víð. Allt getur gerst, eins og við sáum þegar kjánaprikkið frá Þýskalandi álpaðist í fyrsta sætið.

Lag Lenu var að vísu sæmilegt en mér fannst ég óneitanlega eiga skilið að fíla sigurvegarann í ljósi þess að ég seldi úr mér nýra til að vera í salnum. En það má finna nokkur Pollyönnuprik í sigri hennar. T.d. hljóta fjögur stóru löndin, Þýskaland, Bretland, Spánn og Frakkland, nú að hætta að væla yfir slæmu gengi sínu. Þá er lítið eftir til að styðja við stöðugar samsæriskennningar um hina svokölluðu Austantjaldsmaffu enda er hlutfallið á milli Vestur-Evrópu og austursins í topp tíu nær nákvæmlega það sama og hlutfallið á milli heildarfjölda keppenda frá hvoru svæði. Þá er gleðiefni að Belgar hafi náð svona langt því þeir hafa árum saman verið í skitnum og vonandi að árangur þeirra og þjóðverja tendri áhuga hjá fleirum á svæðinu.

Þó má viðurkennast að Tyrkir hafi náð óeðlilega hátt og sama hvað þeir gera virðast þeir raka inn stigum í hlutföllum við fjölda Tyrkja

sem búsettir eru í viðkomandi landi. En til að gæta sanngirni þá vitum við öll að hver einasti Íslendingur búsettur í Danmörku eða annars staðar sendi að minnsta kosti fimm atkvæði til Heru. Og er það eitthvað frekar Tyrkjum að kenna að þeir eru fleiri en við heldur en Ey-fa-ja-koodle er okkur að kenna? Varla. En við unnum allavega Sviana. Og Euro-nördar verða nú teknir til gjaldþrotaskipta eftir Osló og verða vonandi komnir með fjárráð fyrir Þýskaland 2011.

Skvísulegt föstudagslúkk

Hildur kíkti með Monitor í Karakter, nýja búð í Kringlunni sem hitti beint í mark.



HILDUR JAKOBÍNA TRYGGVADÓTTIR

Á öðru ári í leiklistardeild Kvikmyndaskóla Íslands
18.12.88

Hvað filar þú helst í tisku um þessar mundir?

Ég fíla frjálselegan klæðnað, baggy-style lúkk og er mjög hrifin af þilsum fyrir sumaríð.

Hvað filar þú við lúkkíð?

Skórnir eru hrikalega flottir og buxurnar töff.

Uppáhaldsflik?

Gul dragt úr Spútnik.

Hvaða flik keyptir þú síðast?

Grænan kjól og kúrekastígvél í Kolaportinu.

Uppáhaldsbúðir?

Spútnik, Friis&Company, Gyllti kötturinn og Kolaportið er málið núna!

Hvaða lit klæðist þú helst?

Ég er mjög hrifin af litríkum flikum og jarðlitir eru að koma sterkir inn um þessar mundir.

Tónlist?

Rokkpopp og allt mögulegt.

Sjónvarpsþáttur?

Sex and the City og Friends.

Uppáhaldsfylgihlutir?

Hringur sem þabbi gaf mér og hálsmen frá vinkonuþópnun.

Hvað ertu með í veskinu?

Lykla, síma, gloss og piparúða.

Uppáhaldssnyrtivara?

Litað dagkrem frá Nivea.

Er eitthvað sem þú myndir aldrei klæðast?

Nei.

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

Ég verð að vinna á Pósthúsinu-Vinbarnum og fer til London í júlí.



E-VITAMÍN DAGKREM MEÐ BRÚNKUKREMI
Rakagefandi brúnkukrem
1.990 kr.
Body Shop

SKYRTA

Fullkomin sumarskyrta með síðu, opnu hálsmáli. Þessa tekur maður fram aftur ár.
10.990 kr.
Karakter

HÁLSMEN

Frjálselegt efnishálsmen sem hægt er að stjórna lengd á, hrikalega flott og hægt að fá þau mynstruð.
4.990 kr.
Karakter



LOVE GLOSS-VARAGLJAI TROPICAL PINK
Einn vinsælasti liturinn í sumar.
1.590 kr.
Body Shop

TASKA

Poppuð taska í flottum, ljósum lit. Gaman að eiga skrautlegar tóskur til að lifga upp á látlaua dress og ekki skemmir hagstæða verðið fyrir.
14.990 kr.
Karakter

SPRING TREND-KINNALITUR

Ferskjulitaður, glitrandi kinnalitur
2.160 kr.
Body Shop



BUXUR

Hinar svokölluðu afabuxur eru móðins um þessar mundir. Mjög þægilegar og þessar eru sérlega flottar röndóttar.
17.990 kr.
Karakter

SKÓR


Tilvaldir föstudagsskór með passlega háum hæl. Skvísulegir og furðu þægilegir.
24.990 kr.
Karakter





WRIGLEY'S
Extra®

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur..



Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætufrni í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

Ég er bara öðruvísi

Haffi Haff er að gefa út sína fyrstu plötu, **Freak**. „Ég hef alltaf verið viðrini, alveg síðan ég var lítill,“ segir Haffi, sem stefnir beinustu leið á toppinn.

Texti: Björn Bragi Arnarsson
Myndir: Gólli

bjornbragi@monitor.is
golli@mbl.is

Haffi Haff, sem Þjóðskráin kallar Hafstein Þór Guðjónsson, fæddist í Seattle-borg í Bandaríkjunum árið 1984. 18 ára gamall fluttist hann til Los Angeles þar sem hann náði sér í gráðu í tiskuhönnun og árið 2006 hélt hann til Íslands, en báðir foreldrar hans eru íslenskir. „Mamma hafði flutt til Íslands ári áður og ég ákvað að elta hana. Ég var ekki að nýta hæfileika mína til fulls í Seattle, en ég veit að ég get gert hvað sem ég vil,“ segir Haffi.

Haffi hefur síður en svo látið lítið fyrir sér fara síðan hann tók sér bólfestu á Klakanum. Hann hefur gert það gott sem stílisti og í ýmsum tiskutengdum verkefnum, auk þess sem hann á að baki nokkur lög sem hafa ratað inn á vinsældalista útvarpsstöðvanna. Freak er hans fyrsta plata, en plötuna vann hann í samstarfi við upptökuteymið Stop Wait Go og Örlög Smára. Að sögn Haffa er Freak aðeins upphafið að einhverju stóru. „Ég held að það sé óhætt að segja að platan muni koma fólki á óvart. Hún er fyrir markað sem er miklu stærri en sá íslenski,“ segir Haffi.

Platan heitir Freak. Ert þú viðrini?

Já, ekki spurning. Það býr viðrini í okkur öllum og ég hef alltaf verið viðrini, alveg síðan ég var lítill. Ekki bara af því að ég er hommi. Það eru margar ástæður fyrir því.

■ ■ Ég er ekki viss um að fólk skilji almennilega hvernig það er að vera inni í lífi mínu. Sérstaklega núna. Ef fólk skildi það ekki fyrir tveimur árum, hvernig ætti það að geta skilið það núna?

Eins og hverjar?

Ég er bara ekki venjuleg manneskja, eða það sem fólk telur að sé venjuleg manneskja. Ég veit ekki sjálfur hvað það er að vera venjuleg manneskja. Eftir því sem ég eltist áttaði ég mig á því að ég gat notfært mér þetta til góðra hluta. Ég tala einmitt um þetta í inngangi plötunnar, en þar segi ég: „Þegar ég var barn dreymdi mig um þann dag sem ég yrði venjulegur. En sá dagur kom aldrei.“

Þú hefur áður talað um að Lady Gaga sé mikill áhrifavaldur þinn og hún hefur líka notað viðrinishugtakið mikið.

Lady Gaga er skrímsli en ég er viðrini. Það er stór munur þar á. Skrímsli eru fyrirbæri sem borða lítill börn. Ég er bara öðruvísi. En það hefur alltaf

verið skrýtið fólk í tónlistarbransanum. Magnað og hæfileikaríkt fólk eins og Grace Jones og David Bowie og aukasjálfið hans Ziggy Stardust. Meira að segja Elton John er skrýtinn þótt fólk hafi kannski ekki séð það. Þetta snýst allt um að skemmta fólk og hvernig þinn raunveruleiki er. Maður býr til sinn eigin raunveruleika.

Líturðu frekar á þig sem skemmtikraft en söngvara?

Ég er ekki söngvari sem reynir að ná bestu nótonum eins og einhver Beyoncé. Það eru margir frábærir söngvarar í heiminum, en maður vill ekkert endilega horfa á þá syngja. Kannski eru þeir leiðinlegasta fólk í heimi. En svo eru margir frekar lélegir söngvarar sem búa yfir einhverju sérstöku. Ég er ekki að segja að ég sé lélegur söngvari, en ég bý svo sannarlega yfir einhverju öðruvísi og ég kann að skemmta fólk.

Hvert langar þig að fara með þessa plötu?

Út um allt! Telst Plúto með? Ég meina, maður verður að setja markið hátt. Mig hefur alltaf langað til að byrja í Seattle þar sem ég bjó áður. Ég er þegar búinn að fara út, ég fór þangað um síðustu jól og var aðalatriðið í gamlárspartí í stærsta hommaklúbbnum þar. En mig langar að fara aftur út og taka allt með mér. Geisladiskurinn er nafnspjaldið mitt, þannig séð.

Langar þig þá ekki að búa á Íslandi í framtíðinni?

Ég verð ekki hérna að eilífu. Þetta er allt fyrirfram ákveðið og ég veit nákvæmlega hvað ég er að gera. Ég á í miklu ástar- og haturssambandi við þessa litlu eyju. Ég elska hana vegna þess að ég hef alltaf vilja koma hingað og búa hérna. En ég hata hana líka því hún er svo lítil og stundum fæ ég innilokunarkennd. Ísland mun alltaf eiga hluta af hjarta mínu en ég þarf að fara út í heim, það er engin spurning.

Þú talar mestmegnis ensku þótt þú skiljir íslensku fullkomlega. Hvers vegna?

Ég tala ensku þegar ég vil vera alvarlegur, því öðruvísi er ég ekki að fara að ná að útskýra fullkomlega það sem ég meina. Enska er móðurmálið mitt þótt ég sé íslenskur, ég ólst upp við að tala ensku.

Þú ert augljóslega óhræddur við að vera öðruvísi og vekja athygli. Hefur alltaf verið svona mikill glamúr á þér?

Já. Ein uppáhaldsflíkin mín þegar ég var fimm ára var bleikt tútú-pils. Það hefur sent sterk merki um hvað var í gangi.

Hvenær komstu út úr skápnum?

Ég hef alltaf verið hommi og ég hef alltaf vitað það. Ég kom ekki út úr skápnum eins og fólk heldur að maður geri það, ég settist ekki niður og kom með tilkynningu. Það bara gerðist. Fólk í kringum mig fattaði það. Ég ætla ekki að afsaka mig. Ég bið þig ekki um að afsaka þig. Ég myndi aldrei biðjast afsökunar á því að vera hommi. Ég er ég og þannig er það. Punktur. Maður verður að vera sterkur þegar

■ ■ Hommunum úti í heimi finnst ég vera svalur. En hommunum hér virðist ekki líka við mig. Ég hef reynt en þeir vilja mig ekki hérna.

kemur að svona málum. Ég ætla ekki að sitja og vera hræddur við allt. Ég gæti dáið á morgun og þá ætla ég ekki að vera búinn að eyða hálfri ævinni í að vera hræddur.

Hefurðu mætt mótlæti eða fordómum?

Nei, í rauninni ekki. Auðvitað hefur komið fyrir að einhverjir hafa sagt eitthvað, en í dag vita menn alveg hver ég er og fyrir hvað ég stend og ég held að fólk hafi bara gaman af því.

Áttu kærasta?

Nei.

Ertu að leita? Og að hverju ertu að leita?

Það er erfitt að segja. Fólk er alltaf að spyrja mig og ég spyr meira að segja sjálfan mig að því líka. Ég er ekki viss um að fólk skilji almennilega hvernig það er að vera inni í lífi mínu. Sérstaklega núna. Ef fólk skildi það ekki fyrir tveimur árum, hvernig ætti það að geta skilið það núna? Ferillinn minn og það sem ég er að gera verður alltaf mikilvægast, því miður. Af fenginni reynslu efast ég um að nokkur manneskja geti höndlað það eða gert nógu mikið til að koma í staðinn. Mér finnst líka að á þessum tímupunkti eigi ég bara að njóta lífsins og vera á lausu. Að elska einhvern er mjög mikilvægt starf og það er eitthvað sem ég tek mjög alvarlega. Þetta er svipað og að eiga barn. Ef maður er í sambandi þarf maður virkilega að vera þar. Og ég er ekki þar. Það eru samt menn í lífi mínu en þeir eru ekki hér. Þeir eru ekki á þessari eyju.

Hvar eru þeir?

Úti í heimi. Hommunum úti í heimi finnst ég vera svalur. En hommunum hér virðist ekki líka við mig. Ég hef reynt en þeir vilja mig ekki hérna. Þældu í því, á staðnum sem ég bý get ég ekki verið með neinum. En ekki misskilja mig, mér finnst þeir finir og ég elska strákana hérna. En ég held að þeir fatti mig ekki og vilji ekki vera hluti af lífi mínu. Og það er allt í lagi, því þetta er stórt dæmi til að eiga hlut í.

Útgáfutónleikar 9. júní

Haffi Haff heldur útgáfutónleika vegna plötunnar á NASA miðvikudaginn 9. júní og lofar svakalegri sýningu. Haldnir verða þrír tónleikar, hver fyrir sinn aldurshóp, þannig að enginn aðdáandi Haffa þarf að missa af honum.



viðtalið

Hvernig er hommamenningin á Íslandi samanborið við úti í heimi?

Hún er mjög ólík. Hún er miklu smærri hérna. Erlendis var ég vanur því að fara út og hitta fullt af fólki sem ég hafði aldrei séð áður. Maður var alltaf að hitta nýtt fólk. Þetta var svo stór sena, en þótt hún væri miklu stærri var hún miklu þéttari en á Íslandi. Senan er ekkert sérstaklega þétt hér. Þótt fólk sé opið finnst mér margir vera hálf hræddir við að vera samkynhneigðir. Erlendis hittir maður fólk sem er virkilega alvara með að

vera samkynhneigt. Ég myndi segja að Palli (Páll Óskar) sé svona týpa. Honum er mjög alvara með að vera samkynhneigður. Hann er inni í alls konar hlutum og er mjög mikið inni í því sem er að gerast í hommaheiminum. Ég vildi að ég væri líkari honum að því leyti. Ég dáist að honum fyrir það.

Ef allt gengur upp, hvar verður þú eftir fimm ár?

Nýbúinn að gefa út mína þriðju plötu og á tónleikaferðalagi um heiminn... og mögulega um tunglið.

HAFFI HAFF Á 60 SEKÚNDUM

Frábær plata:

Mama's Gun með Erykah Badu er virkilega góð plata. Erykah Badu er mér mikill innblástur.

Sjúklega myndin bíómynd: Hot Tub Time Machine. Ég fór á stefnumót að sjá þessa mynd. Það var eiginlega fyrsta stefnumótið mitt á Íslandi.

Fullkominn maður:

Hann er með brúnt hár og brún augu.

Algjör skíthæll:

Segjum bara Saddam Hussein. Líka Satan.

Gullfalleg kona: Mamma mín.**Hlutur sem þig langar í:**

Þráðlaus míkrofónn.

**Mesta fóbía:**

Alveg síðan ég var lítill hef ég verið eitthvað hræddur við að fara í sund. Mér finnst óþægilegt að þurfa að skipta um fót fyrir framan fólk.

Dýr sem þú líkist: Mér líkar ekki við dýr þannig að mig langar að segja ekkert dýr. Ég veit ekki, krabbi?

Svalasti homminn:

Ég segi Palli. Hann er frekar mikið svalur og svo stendur hann fyrir svo góðum hlutum.

Ef þú værir í núu til fimm vinnu:

Þótt það sé kannski ekki beint núu til fimm vinna þá hefur mig alltaf langað að vita hvernig það er að vinna á veitingastað eða kaffihúsi. Ég dáist að fólki sem er í svoleiðis vinnu því það er erfitt starf.



■ ■ Ég tala ensku þegar ég vil vera alvarlegur, því öðruvísi er ég ekki að fara að ná að útskýra fullkomlega það sem ég meina.

Sólgleraugu sumarið 2010

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á

www.opticalstudio.is

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

FERILLINN



Sarah Jessica Parker

Hæð: 160 sentimetrar.
Besta hlutverk: Carrie í Sex and the City, hlutverkið sem hennar verður ætíð minnst fyrir.
Skrýtin staðreynd: Hefur prýtt ófáa lista yfir ófrídustu stjórnur Hollywood og árið 2007 valdi karlablaðið Maxim hana ókynþokkafyllstu konu heims.
Eitruð tilvitnun: „Það pirrar mig ekki vitund að fólki þyki ég ekki kynþokkafull. Mér finnst það ekki heldur sjálfri.“

1965 Fæðist 25. mars í Ohio og á þrjú systkin og fjögur hálsystkin.

1982 Landar aðalhlutverki í sjónvarpsþáttunum Square Pegs. Aðeins ein þáttaröð var gerð en Parker þótti sanna sig sem stórefnileg leikkona.

1984 Byrjar með leikaranum Robert Downey Jr. sem hún kynnist við tókur á myndinni Firstborn sem kemur út sama ár. Þau hætta saman árið 1991.



1985 Leikur aðalhlutverkið í myndinni Girls Just Want to Have Fun. Ári áður hafði hún leikið aukahlutverk í hinni vinsælu Footloose. Er orðin ein heitasta unga stjarna heims.

1997 Giftist Matthew Broderick. Þau eignuðust soninn James Wilke Broderick árið 2002.

1998 Hefur að leika í þáttunum Sex and the City. Þættirnir hættu árið 2004 en hún hlaut fjölda verðlauna fyrir hlutverk sitt sem Carrie Bradshaw.

2003 Hlýtur sín fjórðu Golden Globe-verðlaun fyrir hlutverk sitt í Sex and the City, en hún var tilnefnd fyrir allar þáttaraðirnar.

2004 Hlýtur sín fyrstu Emmy-verðlaun fyrir Sex and the City eftir að hafa verið tilnefnd fimm sinnum án þess að vinna.

2009 Eignast tvíbura-dætur Marion Loreta og Tabitha með Broderick í gegnum leigumóður.



ÞAD ER EDLILEGT AÐ MENN FORÐI SÉR ÞEGAR PUFF DADDY ER AÐ ELTA

Frumskýningar helgarinnar

Get Him to the Greek

Leikstjóri: Nicholas Stollern.
Aðalhlutverk: Jonah Hill, Russell Brand, Rose Byrne og Sean Combs.
Lengd: 109 mínútur.
Dómar: Engir dómar komnir. Heimsfrumsýning.
Aldurstakmark: 12 ára.
Kvikmyndahús: Laugarásbío, Smára-bío, Háskólabío og Borgarbío Akureyri.



Aaron Green er nýgræðingur í útgáfuþrasinum og fær tækifæri til að sanna sig þegar honum er falið það mikilvæga verkefni að fylgja rokkgoðinu Aldous Snow til LA þar sem hann á að hefja tónleikaferð. Rokkstjórnur eru þó ekki alltaf auðveldar viðfangs eins og Green kemst að og hann þarf að hafa sig allan við til að ná markmiðinu í tæka tíð.



JONAH HILL STEFNIR HÁTT

Jonah Hill er fæddur árið 1983 en sem barn dreymdi hann um að gerast handritshöfundur fyrir The Simpsons og Saturday Night Live. Á háskólaárum sínum hóf hann að skrifa og leika í sínum eigin leikritum sem vöktu talsverða athygli en út frá því áttaði Hill sig á því að hann vildi gerast kvikmyndaleikari. Hann vingaðist við börn Dustin Hoffman, sem hjálpaði honum svo að landa sínu fyrsta kvikmyndahlutverki í myndinni I Heart Huckabees. Síðan þá hefur hróður hans aukist og hefur hann leikið í vinsælum grínmyndum á borð við Knocked Up og Superbad en hefur einnig skapað sér nafn sem handritshöfundur og framleiðandi.



VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa nokkrum heppnum lesendum miða á **Get Him to the Greek**. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á Facebook-síðu Monitor og velja LIKE á kvikmyndaþráð vikunnar. Á mánudag drögum við svo út nokkra vinningshafa og sendum þá í bíó.

facebook.com/monitorbladið

Sex and the City 2


Leikstjóri: Michael Patrick King.
Aðalhlutverk: Sarah Jessica Parker, Kim Cattrall, Kristin Davis, Cynthia Nixon og Chris Noth.
Lengd: 148 mínútur.
Dómar: IMDB: 3,5 / Metacritic: 2,8 / Rotten Tomatoes: 16%
Aldurstakmark: 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfbakka, Kringlunni, Akureyri, Selfossi og Keflavík.



Það þarf ekki að kynna vinkonurnar fjórar úr Sex and the City þáttunum, en hér eru þær komnar saman enn á ný. Í þessari mynd skella þær sér í glamúrferð til Abu Dhabi en þar eru ekki bara finar töskur og kokteilar heldur skýtur gamli kærastinn Aidan upp kollinum og hristir það rækilega upp í Carrie, sem nú er gift Big.

Cameron til bjargar vegna olíulekans?

Stjórnvöld og vísindamenn í Bandaríkjunum leita allra leiða til að stöðva olíulekann á botni Mexíkóflóa og beina nú sjónum sínum að Hollywood. Leikstjórinn James Cameron, sem meðal annars leikstýrði Avatar og Titanic, var í vikunni boðaður á fund vísindamanna en hann hefur sankað að sér mikilli þekkingu á neðansjávartækni eftir að hafa leikstýrt bæði The Abyss, á níunda áratugnum og svo stórmyndinni Titanic. Að sögn hefur Cameron boðist til að lána BP olíufyrirtækinu flota sinn af fjarstýrðum djúpsjávarkafbátum sem hann notaði við tókur á Titanic en aðrar stórstjórnur hafa einnig lagt sitt af mörkum, meðal annars Kevin Costner sem hefur lagt fjármagn í hönnun séstaks tækis sem er ætlað að hreinsa olíu úr hafinu. Það gæti því farið svo að olíulekinn hljóti Hollywood-endi.



DAVID CAMERON LIÐUR BEST NEÐANSJÁVAR

Popp-korn

Paramount-fyrirtækið ætlar ekki að hætta við að endurgera kvikmyndina Footloose þótt bæði Chace Crawford og Zac Efron hafi hætt við að leika aðalhlutverkið og Kenny Ortega hafi hætt við að leikstýra myndinni. Nú er búið að ráða leikstjórnann Craig Brewer í verkefnið og leitar hann logandi ljósi að myndarlegum strák sem kann að dansa. Sagan segir að hann hafi augastað á leikaranum **Thomas Dekker**, sem lék John Connor í The Sarah Connor Chronicles.



Í síðasta mánuði var ákveðið að hætta framleiðslu sjónvarpsþáttanna Ghost Whisperer og var aðalleikkonan **Jennifer Love Hewitt** miður sín yfir því. Hún var þó ekki lengi að finna sér nýja vinnu, því nú hefur hún tekið að sér að leika í sjónvarpsmyndinni The Client List. Myndin er byggð á sannri sögu og segir frá konu sem fer að starfa sem vændiskona til að sjá fyrir fjölskyldu sinni.



Harry Potter-leikarinn **Daniel Radcliffe** segist vera afbrýðisamur út í Tobey Maguire vegna þess að sá síðarnefndi fékk að leika Spiderman í þremur stórmyndum. „Köngulögmáðurinn er svalasta ofurhetjan og ég var ótrúlega afbrýðisamur út í hann fyrir að fá að leika hann,“ sagði hinn tvítugi Radcliffe. Grasið er greinilega grænna hinu megin.



Leikkonan **Kristen Stewart** úr Twilight-myndunum neitar að skipta um símanúmer þrátt fyrir að stöðugt sé verið að hringja í hana og áreita. „Það er einhver einn sem er alltaf að áreita mig, en það er ekki þess virði að skipta um númer fyrir hann. Ég er nokkuð viss um að þetta er einhver stelpa sem fékk númerið mitt hjá einhverjum sem ég var með í skóla,“ sagði Stewart.



Nú virðist vera búið að staðfesta að breska fyrirsætan **Rosie Huntington-Whiteley** taki við af Megan Fox í hlutverki Mikaelu Banes í Transformers 3. Rætt hefur verið um mögulegan arftaka Fox alveg síðan tilkynnt var að hún yrði ekki með í myndinni og langt er síðan nafn Rosie kom upp. Valið kemur á óvart þar sem Rosie hefur nær enga leikreynslu, en hún er þekktust fyrir að sitja fyrir hjá Victoria's Secret.





Í uppáhaldi hjá öllum stelpum

Kvikmyndin sem allar stúlkur hafa beðið eftir er loksins komin í bíó. **Stíllinn** kíkti á frumsýningar í **New York** og **London** og kynnti sér heitustu tískuna á frumsýningum og í eftirpartíum.

Hver er flottust?



VISSIR ÞÚ AÐ...

- » Sex and the City var upprunalega blaðadálkur sem **Candace Bushnell** skrifaði um sjálfa sig undir dulnefninu **Carrie**.
- » **Sarah Jessica Parker** var nýhætt að reykja er upptökur á þættinum hófust og reykir **gervísigarettur** allar þáttaraðirnar.
- » Meðal fyrrverandi elskhuga Söruh Jessicu eru **Nicholas Cage**, **Robert Downey Jr.** og **John F. Kennedy Jr.**
- » Cynthia Nixon er ekki **rauðhærð** heldur ljóshærð.
- » Sarah Jessica og Cynthia kynntust **12 ára**.
- » Sarah Jessica neitaði í fyrstu hlutverki Carrie og kom þá **Lara Flynn Boyle** til greina.
- » Eiginmaður **Kim Cattrall** var ekki hlynntur því að daman tæki að sér hlutverk **Samönthu**. Hún skildi við karlinn og tók hlutverkinu.
- » Mikil eftirvinnsla var á atriði þar sem **Samantha** dansar við **Richard** á húspaki eftir sundsprett, en upptökur á atriðinu fóru fram rétt fyrir **11. september**. Þótti ekki viðeigandi að turnarnir sæjust og voru þeir **klíptir út**.



Sarah Jessica Parker var glæsileg í Valentino á frumsýningunni en við erum hrifnari af Elie Saab kjólnum og Nicholas Kirkwood hælnum í eftirpartíinu.



Kristin Davis er flott í vintage Jean síðkjól á frumsýningunni. Í eftirpartíinu klæddist hún glamúr kjól frá Pierre Balmain. Við elskum Kristin Davis.



Kim Cattrall er kynþokkafull í Naeem Khan og ber aldurrinn vel.



Cynthia Nixon fór öruggu leiðina, engin geimvísindi hér á ferð.



Kim Cattrall í klassískum Thierry Mugler silkisíðkjól á frumsýningunni. Í eftirpartíinu var hún í mun nútímalegri kjól.



Kristin Davis klæddist vintage Norman Norell á frumsýningunni og hélt striki í óaðfínnanlegum klæðaburði. Christian Dior kjóllinn í eftirpartíinu olli þó heldur vonbrigðum.



Cynthia Nixon í Narciso Rodriguez á frumsýningu. Það er eitthvað óspennandi við kjólinn en hárið á henni óvenju flott. Í eftirpartíinu var hún meiri skvísa í kjól frá Erdem.



Sarah Jessica Parker í kjól úr sumarlínu 2008 frá Alexander McQueen og með Philip Treacy hatt. Algjört haute couture lúkk sem við erum ekki sérlega hrifnir af. Hinsvegar erum við ástfangin af.



Sarah Jessica Parker skiptir um ham eins og rjúpa



Hversu vel þekkir þú Sex and the City?

1. Hver reynir fyrst við Mr. Big?
- Carrie
 - Charlotte
 - Miranda
 - Samantha



2. Hvaða gjöf kemur Samantha með í barnaveislu Laney?
- Brjóstapumpu
 - Leghettu
 - Viskíflösku
 - Barnaól



3. Hvaða lag var spilað þegar Natasha gekk kirkjugólföld í brúðkaupi sínu samkvæmt New York Times?
- When a Man Loves a Woman
 - Lady in Red
 - Moon River
 - I Still Haven't Found What I'm Looking For

4. Hver smitaði Miröndu af klamiði?
- Steve
 - Skipper
 - David
 - The Modelizer

5. Hvað gerir Carrie sem hún vill halda leyndu?
- Bakar kökur og borðar þær í baðkarinu
 - Syngur rokkballöður á meðan hún naglalakkar sig.
 - Endurskipuleggur skóskápinn
 - Borðar kex með sultu og skoðar tískutímarit, standandi í eldhúsinu.

6. Hvar stunda Charlotte og Harry fyrst kynlíf?
- Á skrifstofunni hans
 - Heima hjá henni
 - Í íbúð vinar
 - Í lyftu



7. Hvað gefur Richard Samönthu á leiðinni til Atlantic City?
- Demantshring
 - Armband
 - Chanel veski
 - Perluþveng

8. Hver segir?: „While sexually I feel that I am straight, there is a very powerful part of me that connects to the female spirit.“
- Carrie
 - Charlotte
 - Miranda
 - Samantha

9. Hve mörgum bólfélögum Samönthu kynnumst við í gegnum þáttaraðirnar?
- 18
 - 38
 - 78
 - 100

10. Hve mörgum bólfélögum Charlotte kynnumst við í gegnum þáttaraðirnar?
- 5
 - 8
 - 18
 - 28

Rétt svör:

1. D 2. C 3. A 4. C 5. D
6. C 7. D 8. B 9. B 10. C

fimmtudagur

3
júní

HERRA POTTUR OG UNGFRÚ LOK Á FRÖNSKU

Þjóðleikhúsið, Kúlan
17:00 Gáskafull og glettin leikhús- og tónlistarveisla fyrir alla fjölskylduna. Litinn strák dreymir um að áhöldin í eldhúsinu lifni við. Ástir herra Potts og ungrú Pönnu fara næstum út um þúfur vegna afbrýðisemi daðurdórsarinnar ungrú Kvarnar. Athugið að í þetta sinn er sýningin á frönsku. Miðaverð 1.500 krónur.

OPNUNARPARTÍ E-LABEL

Topshop, Kringlunni
18:00 E-label lounge opnar í Topshop og af því tilefni er öllum boðið að koma og skoða og þiggja glaðning. Natalie spilar funky tóna, veitingar frá Somersby og Harpa Einarsdóttir frumsýnir Volcano kjólinn. Frá 18 til 20.

KÍNÓ KLÚBBURINN

Hafnarhúsið, Tryggvagötu
20:00 Á sameiginlegri dagskrá Kínó klúbbsins og Listasafns Reykjavíkur verða sýnd verk eftir þrjá margverðlaunaða kvikmyndagerðar- og vídeólistamenn sem leitast við að umbreyta hversdagslegum raunveruleika sínum ramma fyrir ramma. Þeir eru Matt McCormick, Bill Brown og Miranda July.

BUFF

Ráðhús Ölfuss, Þorlákshöfn
20:00 Í tilefni af Hafnardögum í Þorlákshöfn heldur stuðsveitin Buff tónleika í Ráðhúsi Ölfuss en hljómsveitin Frozen frá Þorlákshöfn mun hita upp. Miðaverð er 1.500 krónur.

RYK Á BOOK

Íslenska óperan
20:00 Benni Hemm Hemm og hinn skoski Alasdair Roberts syngja persónulega og nærgöngula texta hvor á sínu tungumáli og úr verður tungumál sem hljómar kunnuglega en er þó framandi. Blásarasveit Reykjavíkur heldur söngvunum uppi og flæðir inn í textaeyður. Miðaverð 2.900 krónur.

KYRRJA

Norðurlólinn
20:00 Nýtt, íslenskt dansverk þar sem munurinn milli góðs og ills er rannsakaður. Ragnheiður S. Bjarnadóttir er danshöfundur og annaðist hugsmíð ásamt Hjördísi Árnadóttur. Snæbjörn Brynjarsson sér um texta og



Mynd/Ómar

Jóhann Friðgeir Jóhannsson sá um tónsmíð. Miðaverð 1.500 krónur.

AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR

Þjóðleikhúsið, Kassinn
20:00 Hjartnæmur heimilistækjasirkus með Kristjáni Ingimarssyni og Ólafíu Hrönn

Jónsdóttur, eftir Ilmi Stefánsdóttur, Kristján Ingimarsson, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur og Val Frey Einarsson, sem jafnframt er leikstjóri. Tugbraut í tengiflugu, Nilfisk-sjónhverfingar, hrærivélasamdrættir, flógrandi forréttir, samhæfur klútadans og fleiri töfrandi uppákomur. Miðaverð 2.500 krónur.

ÚT AÐ LEIKA MED UNGUM EVRÓPUSINNUM

Karamba
20:30 Ungir Evrópusinnar vilja fá þig út að leika. Þeir ætla að hittast á Karamba og væta kverkarnar saman, en bjórinn mun verða á Evrópuverði, eins og það er orðað. Þá mun Bergur Ebbi Benediktsson fara með nokkur orð um Evrópusambandið.

SALSA-KENNSLA

Thorvaldsen
20:30 Ókeypis kennsla í salsa-dansi á milli 20:30 og 21:30. Að því loknu verður spilið salsa-tónlist og mojito-drykkir af ýmsum gerðum fást á þúsund krónur.

KAKALI

Sódóma Reykjavík
21:00 Hljómsveitin Kakali fagnar útgaflu sinnar fyrstu plötu, The Cave, með tónleikum á Sódómu. Upphitunaratíðið er ekki af verri endanum en það er í höndum Snorra Helgasonar. Húsið opnar klukkan 21:00 og miðaverð er litlar þúsund krónur.

JAZZ-TÓNLEIKAR

Jazzkjarlarnir á Bar 11
21:00 byður upp á tónleika með Kvartett Sigurðar Flosasonar og Ásgeirs Ásgeirssonar á Bar 11, Hverfisgötu 18, sem áður hét Kaffi Kúltúra. Með þeim koma fram Þórir Jónsson og Scott McLemore.

HVANNDALSBRÆÐUR

Nasa
22:00 Hljómsveitin Hvanndalsbræður fagnar sinni sjöttu hljómplötu með stuðtónleikum. Nýja platan verður flutt í heild sinni og fá gestir meðal annars að heyrja lög á borð við LALA lagið, Fjóra, Vinkona, Vinsæll ásamt Eurovision-slagaranum Gleði og glens. Miðaverð er aðeins 1.000 krónur.

AFMÆLI • SKÓLAHÓPAR • FÉLAGSMIDSTÖÐVAR • ÍPRÓTTAFÉLÖG • HÓPEFLI

100% SKEMMTUN FYRIR HÓPINN ÞINN

LASER TAG

Salavogur 2, 201 Kópavogur
Sími: 564 6644 lasertag@lasertag.is

föstudagur

4
júní

Ertu að fara að búa?
Ekki byrja á því að skuldsetja þig

Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

BUSETI™

Busesti hf. • Skeifurá 19 • 108 Reykjavík • Sími: 570-5788 • Fax: 533-5749 • www.buseti.is

TATTOO-HÁTÍÐ

Sódóma Reykjavík
14:00 Hin árlega Icelandic Tattoo Festival fer fram í fimmta sinn á Sódómu um helgina. Fjölmargir listamenn, bæði íslenskir og erlendir, sýna kúntir sínar á daginn en á kvöldin taka við rokk-tónleikar. Á föstudag er hátíðin opin frá 14 til 23. Dagpassinn kostar 650 krónur en helgarpassinn 1.600 krónur.

DREKKTU BETUR

Gallerý Bar 46
18:00 Tilvalið að taka kvöldið snemma og byrja á góðu pub quizi. Drekkstu betur hefur farið fram alla föstudaga í á áttunda ár við góðan orðstír. Þrjátíu spurningar, kassi af bjór í verðlaun. Allir sem svara 18. spurningu rétt fá bjór. Guðmundur Benz Hreiðarsson er spyrill kvöldsins.

ÍSLANDSKLUKKAN

Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið
19:00 Stórbrotið skáldverk um sjálfsmynd lítillar þjóðar og sjálfstæði í glænýrri leikgerð. Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness er afmælisýning þjóðleikhússins, en 60 ár eru liðin frá opnun þess þann 20. apríl árið 1950. Íslandsklukkan var einmitt ein af þremur opunarsýningum leikhússins. Leikstjóri er Benedikt Erlingsson. Miðaverð 3.400 krónur.

HÉR SÉ STUÐ – HÁLFVITINN

Gallerí Crymo
20:00 Brynja Björnsdóttir og Sunna Schram opna myndlistarsýningu sem þær hafa unnið í sameiningu undanfarið. Þær lærðu báðar myndlist í LHÍ og útskrifaðist Brynja árið 2008 og Sunna útskrifaðist nú í vor. Allir velkomnir á milli 20 og 23.

VORTEX TEMPRON

Íslenska óperan
20:00 Íslenski tónlistarhópurinn Njúton og bandaríski strengjakkvartettinn The Formalist Quartet leiða saman hesta sína og frumflytja á Íslandi eitt af stórvirkjum tónlistarsögu 20. aldar; Vortex Temporum eftir franska tónskáldið Gérard Grisey. Miðaverð 2.900 krónur.

FERÐASAGA GUÐRÍÐAR

Vikingaheimar, Reykjanæsbæ
20:00 Vikingaskipið Íslendingur er orðið að leiksviði í nýju leikhúsi í Vikingaheimum í Reykjanæsbæ. Þar er nú sýnd Ferðasaga Guðríðar eftir Brynju Benediktssdóttur, í nýrri uppferstu Maríu Ellingsen, en sýningin fór upphaflega sigurför um Bandaríkin og Kanada í tilefni árpúsundamótanna. Miðaverð 3.400 krónur.

KYRRJA

Norðurlólinn
20:00 Nýtt, íslenskt dansverk þar sem munurinn milli góðs og ills er rannsakaður. Ragnheiður S. Bjarnadóttir er danshöfundur og annaðist hugsmíð ásamt Hjördísi Árnadóttur. Snæbjörn Brynjarsson sér um texta og Jóhann Friðgeir Jóhannsson sá um tónsmíð. Miðaverð 1.500 krónur.

AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR

Þjóðleikhúsið, Kassinn
20:00 Hjartnæmur heimilistækjasirkus með Kristjáni Ingimarssyni og Ólafíu Hrönn Jónsdóttur, eftir Ilmi Stefánsdóttur, Kristján Ingimarsson, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur og Val Frey Einarsson, sem jafnframt er leikstjóri. Tugbraut í tengiflugu, Nilfisk-sjónhverfingar, hrærivélasamdrættir, flógrandi forréttir, samhæfur klútadans og fleiri töfrandi uppákomur. Miðaverð 2.500 krónur.

GAURAGANGUR

Borgarleikhúsið, Stóra sviðið B
20:00 Ormur Óðinnsson og félagar eru mættir aftur á fjalmar í þessu ástsæla verki Ólafs Hauks Simonarsonar. Aðallutverkið er í höndum Guðjóns Davíðs Karlssonar en tónlistin í verkinu var sérsamin af hljómsveitinni Ný dönsk. Miðaverð 3.950 krónur.

DÚFURNAR

Borgarleikhúsið, Nýja Sviðið B
20:00 Forstjórinn Róbert hverfur eftir jólabóð fyrirtækisins. Í kjölfarið sest vænissjúka taugahrúgan Holgeir í forstjórastólinn, þótt honum sé það þvert um geð. Meinfyndið leikrit eftir David Gieslmann sem ætti að höfða til þeirra sem hafa gaman af sjónvarpsþáttum á borð við Klovn og The Office. Miðaverð 3.450 krónur.

BLOODGROUP OG SYKUR

Bæjarbíó, Hafnarfirði
21:00 Hinar eitursvölu sveitir Bloodgroup og Sykur koma fram á tónleikum á vegum Þjartar daga í Hafnarfirði og sprengja þakið af húsinu. Miðasala fer fram hjá Prime á Strandgötu 11 í Hafnarfirði og kostar 2.000 krónur inn.

BLÚSTÓNLEIKAR

Salurinn, Kópavogi
21:00 Þessa dagana fer fram Jazz og Blúshátíð Kópavogs 2010. Aðstandendur lofa blús á heimsmeikvarða á þessum tónleikum en aðalgestur kvöldsins er Jóhann G. Jóhannsson. Með honum koma fram Gunnar Hrafnsson, Jóhann Hjörleifsson, Björn Thoroddsen, Dagur Sigurðsson og Richard Gills. Miðaverð er 2.000 krónur.

TRÚBADORASTEMNING

English Pub
21:00 Þór Óskar heldur uppi stemningu frá klukkan níu til miðnætis en þá taka Maggi og Hlynur við.

Á BLÁUM NÓTUM

Kaffi Rosenberg
22:00 Kristjana Stefáns og Elvar Örn syngja blús og aðra mæðu. Með þeim leikur Birgir Baldursson á trommur, Róbert Þórhallsson á bassa, Ómar Guðjónsson á gítar og Agnar Már Magnússon á Hammond. Miðaverð er 1.500 krónur.

LEE DOUGLAS Á KAFFIBARNUM

Kaffibarninn
23:30 Lee Douglas snýr nú aftur á Kaffibarninn en hann hefur gefið út nokkur lög og remix frá því hann var þar síðast. Hann spilar til lokunar.

TATTOO-TÓNLEIKAR

Sódóma Reykjavík
00:00 Í tilefni fimmtu árlegru Tattoo-hátíðarinnar á Íslandi er blásið til tónleika þar sem The 59'ers, Cliff Clavin og Ultra Mega Technobandið Stefán rokka fyrir vel húðflúraða og aðra.

TRÚBADORASTEMNING

Den Danske Kro
00:00 Biggi trúbadur heldur uppi stemningunni fram eftir.

FATAMARKAÐUR

Prikið
12:00 Fatamarkaður í portinu við Prikið. Gerðu góð kaup í góða veðrinu.

TATTOO-HÁTÍÐ

Sódoma Reykjavík
12:00 Hin árlega Icelandic Tattoo Festival fer fram í fimmta sinn á Sódomu um helgina. Fjölmargir listamenn, bæði íslenskir og erlendir, sýna kúnstir sínar á daginn en á kvöldin taka við rokktonleikar. Á laugardag er hátíðin opin frá 12 til 23. Dagpassinn kostar 650 krónur en helgarpassinn 1.600 krónur.

ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR

Hallgrímskirkja
12:00 Upphafstónleikar Alþjóðlega orgelsumarsins laugardaginn eru í höndum Björns Steinars Sólbergssonar, organista við Hallgrímskirkju og skólástjóra Tönskóla Þjóðkirkjunnar, en tónleikaróðin mun standa í allt sumar. Á efnisskránni eru verk eftir íslensk og frönsk tónskáld ásamt Pièce d'orgue eftir J.S. Bach.

SÖNGVAKEPPNI BARNNA

Grandagarður
12:30 Í tilefni sjómannaðagshátíðarhalda verður söngvakeppni barna haldin undir stjórn Hara systra. Skoðuðu fleiri viðburði á hatidhafsins.is.

SKEMMTISIGLING UM SUNDIN BLÁ

Bótarbryggja, Grandagarði
13:00 Sæbjörgin, skip Slysavarnafélagsins Landsbjargar, siglir frá Bótarbryggju skemmtisiglingu um sundin. Slysavarnadeild kvenna í Reykjavík verður með vöfllu- og kaffisölu. Takmarkaður fjöldi, aðgangur ókeypis.

AÐ SNÍÐGANGA KEMÍSK EFNÍ

Sesseljúhús, Sólheimum
13:00 Hvernig má sníðanga kemisk efni í snyrtivörum, hreinlætisvörum og matvælum? Benedikta Jónsdóttir, heilsuráðgjafi, svarar þessum spurningum fyrir áhugasama í Sesseljúhúsi sem er í Sólheimum, Grímsnesi. Aðgangur að fræðslufundinum er ókeypis.

HERRA POTTUR OG UNGFRÚ LOK

Þjóðleikhúsið, Kúlan
13:00 og 15:00 Gáskafull og glettin leikhús- og tónlistarveisla fyrir alla fjölskylduna. Líttinn strák dreymir um að áhöldin í eldhúsinu lifni við. Ástir herra Potts og ungrú Þönnu fara næstum út um þúfur vegna afbrýðisemi daðurdrósarinnar ungrú Kvarnar. Miðaverð 1.500 krónur.

MOSO MONGO MEMORY MIX

Listasalur Mosfellsbæjar
14:00 Listamaðurinn Snorri Ásmundsson opnar sýningu sem hann vill að komi á óvart og gefur ekkert upp um hvað felur í sér. Sjón er sögu ríkari.

TROMMUHRINGUR

Ingólfstorg
15:00 Trommuhringur undir stjórn Alseny, Cheick og Rubin verður haldinn á Ingólfstorgi og eru áhugasamir hvattir til að taka þátt. Allir mæti með stóla og þeir sem eiga trommu mæti með hana, en einhverjar trommur verða líka til láns. Þátttaka er ókeypis.

FØROYSKUR DANSUR

Víkin - Sjómínjasafnið
15:00 Ormurinn langi, Grettisromja og fleiri rímur sungnar og stiginn dans eins og Færeyingar einir hafa haldið við. Skoðuðu fleiri viðburði í tengslum við sjómannaðaginn á hatidhafsins.is.

sunnudagur

TATTOO-HÁTÍÐ

Sódoma Reykjavík
12:00 Hin árlega Icelandic Tattoo Festival fer fram í fimmta sinn á Sódomu um helgina. Fjölmargir listamenn, bæði íslenskir og erlendir, sýna kúnstir sínar yfir daginn. Á sunnudag er hátíðin opin frá 12 til 20. Dagpassinn kostar 650 krónur en helgarpassinn 1.600 krónur.

FRÖÐUPARTÍ

Grandagarður
12:00 Fáðu menningarsjokk í fröðupartí DJ partídyrsins Auðuns. Partíð er haldið í tilefni af Hátíð hafsins og stendur frá 12 til 17. Farðu varlega og passaðu að rata aftur út. Skoðuðu fleiri viðburði á hatidhafsins.is.

HERRA POTTUR OG UNGFRÚ LOK

Þjóðleikhúsið, Kúlan
13:00 og 15:00 Gáskafull og glettin leikhús- og tónlistarveisla

POPOP VERSLUN
Nýlenduvörverzlun Hemma og Valda

Óþarfi að sitja einn heima og sauma

„Okkur vantaði eitthvað að gera og það var lítið að gerast í fatahönnun á Íslandi. Svo við ákváðum að búa eitthvað til,“ segir Þórey Björk Halldórsdóttir, ein þeirra fatahönnuða sem standa að Popup verslun, sem hún lýsir fyrir fatahönnuði til að sýna og selja vörur sínar. „Við róterum hönnuðum og erum aldrei á sama stað. Og við finnum eitthvað tilfallandi húsnæði og reynum að hafa alltaf eitthvað nýtt og ferskt í boði,“ segir hún, en að þessu sinni verður verslunin í portinu við Nýlenduvörverzlun Hemma.

Þórey segir að það sé strit að vera fatahönnuður á Íslandi. „Það er rosalega erfitt. En þetta er náttúrulega bara ástríða og eitthvað sem ég hef alltaf ætlað mér að gera svo maður lætur sig hafa það.“ Popup markaðurinn sé hins vegar góður vettvangur fyrir hönnuði til þess að sýna hvað þeir eru að gera í staðinn fyrir að sitja einir heima í stofu að sauma.

Popup verslunin við Hemma og Valda opnar klukkan 12 á hádegi í dag en í sumar er stefnan að hún poppi upp tvisvar í mánuði.

LATÍN KVARTETT TÓMASAR R.

Jómfrúin
15:00 Árviss sumar-jazz tónleikaróð Jómfrúarinnar hefst í dag, laugardag, með tónleikum Tómasar R. Einarssonar en með honum leika Samúel J. Samúelsson á básúnu, Ómar Guðjónsson á gítar og Matthías Hemstock á trommur. Aðgangur er sem fyrr ókeypis.

JÓGVAN OG FRÍÐRIK ÓMAR

Útisvið á Granda
16:00 Félagarnir Jógvan og Friðrik Ómar flytja lög frá grann- og vinarþjóðunum Íslendingum og Færeyingum í tilefni af Hátíð hafsins. Skoðuðu fleiri viðburði á hatidhafsins.is.

DÖMU PÓKER-MÓT

Kojack/Sporter, Engihjalla
16:00 Hefð er að skapast fyrir mánáðarlegu pókermóti Kojack þar sem einungis stelpur spila. Spilað verður 1500 re-buy og má búast við góðri stemningu. Upp með pókerfésið stelpur.

ÓPERUVEISLA KRISTINS SIGMUNDSSONAR

Háskólabíó
17:00 Nú heldur Kristinn sína fyrstu einsöngstónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands um langt árabíl á vegum Listahátíðar. Á efnisskrá tónleikanna hefur Kristinn sjálfur valið nokkrar af sínum eftirlætis arium, meðal annars úr Rakaranum í Sevilla, Don Carlo og Hollendingnum fljúgandi. Miðaverð eru 4.200 og 4.900 krónur.

ÍSLANDSKLUKKAN

Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið
19:00 Stórbrotið skáldverk um sjálfsmynd litillar þjóðar og sjálfstæði í glænyrri leikgerð. Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness er afmælisýning

Þjóðleikhússins, en 60 ár eru liðin frá opnun þess þann 20. apríl árið 1950. Íslandsklukkan var einmitt ein af þremur opnunarýningum leikhússins. Leikstjóri er Benedikt Erlingsson. Miðaverð 3.400 krónur.

NESI, SJANA OG HINAR KELLINGARNAR

Bæjarbíó, Hafnarfirði
20:00 Tónleikar í tilefni Bjartra daga í Hafnarfirði þar sem 10 manna hópur tónlistarfólks kemur fram. Það eru þau Kristjana Stefáns, Andrea Gylfa, Guðrún Gunnars, Hannes Friðbjarnar, Ómar Guðjóns, Pétur Örn, Stefán Örn, Þorgrímur Jónsson, Elvar Örn og Stebbi Magg. Forsala fer fram hjá Prime á Strandgötu 11 en miðaverð er 2.000 krónur.

GAURAGANGUR

Borgarleikhúsið, Stóra sviðið B
20:00 Ormur Óðinsson og félagar eru mættir aftur á fjalimar í þessu ástsæla verki Ólafs Hauks Símonarsonar. Aðalhlutverkíð er í höndum Guðjóns Davíðs Karlssonar.

HERRA HINSEGIN 2010

Þjóðleikhúskjallarinn
20:00 Föngulegasti hommi Íslands verður valinn en hann mun keppa fyrir hönd Íslands í Mr. Gay Europe 2010 og Mr. Gay World 2011. Átta strákar keppa um titilinn og fimm manna dömmefnd fer með völdin. Skemmtiatriði á boðstólnum og DJ Glimmer leika svo fyrir dansi. Miðaverð er 2.500 krónur og fer miðasala fram á Barböru, Laugavegi 22.

DÆGURFLUGURNAR

Hafnarborg, Hafnarfirði
20:00 Hljómsveitin Dægurflugurnar heldur tónleika í tilefni Bjartra daga í Hafnarfirði og flytur íslensk dægurlög frá sjötta og sjöunda áratugnum. Hvítir mávar, Manstu gamla daga og fleiri lög.

6
júni

LJÓTU HÁLFVITARNIR

Íslenska óperan
21:00 Ljótu hálfvitarnir fagna útgáfu þriðju hljómplötu sinnar með tónleikum í Íslensku óperunni en líkt og fyrri plötur þeirra ber hún nafnið Ljótu hálfvitarnir. Þó má þekkja hana frá hinum á því að ekkert af lögnum á henni er á hinum plötunum. Miðaverð 2.500 krónur.

JAZZTÓNLEIKAR

Salurinn, Kópavogi
21:00 Jazz og Blúshátíð Kópavogs 2010 fer fram þessa dagana. Á þessum jazztónleikum verður Miles Griffith frá New York sérstakur heiðursgestur en hann ku vera skattari af guðs náð og hefur sungið með stórstjörnum úr bransanum á borð við Wynton Marsalis. Miðaverð 2.900 krónur.

TRÚBADORASTEMNING

English Pub
21:00 Þór Óskar heldur uppi stemningu frá klukkan níu til miðnættis en þá taka Maggi og Hlynur við.

Á BLÁUM NÓTUM

Kaffi Rosenberg
22:00 Kristjana Stefáns og Elvar Örn syngja blús og aðra mæðu. Með þeim leikur Birgir Baldursson á trommur, Róbert Þórhallsson á bassa, Ómar Guðjónsson á gítar og Agnar Már Magnússon á Hammond. Miðaverð er 1.500 krónur.

HELLISBÚINN Á AKRANESI

Biðhöllin, Akranesi
22:00 Hellisbúinn var sýndur fyrir fullu húsi í allan vetur í Íslensku óperunni en nú er hann kominn á túr og heimsækir hin ýmsu sveitarfélög á landsbyggðinni. Að þessu sinni er hann á Akranesi og geta bæjarbúar búist við góðri skemmtun. Miðaverð 2.900 krónur.

PAPARNIR OG BUFF

Þróttahúsið Strandgötu, Hafnarfirði
23:00 Stórdansleikur á vegum Bjartra daga í Hafnarfirði. Paparnir og Buff koma saman og leika fyrir dansi allra nóttina og geta aðáendur búist við miklu fjöri. Forsala miða fer fram hjá Prime, Strandgötu 11 í Hafnarfirði, og er miðaverð 2.500 krónur.

SÁLIN Á NASA

Nasa
00:00 Sálverjar eru í góðu stuði eftir að hafa verið valin vinsælasta hljómsveit Íslands í þættinum Bergson & Blöndal á Rás 2 á dögunum. Nú stinga þeir í samband á Nasa og munu spila flest af sínum þekktustu lögum.

TATTOO-TÓNLEIKAR

Sódoma Reykjavík
00:00 Í tilefni fimmtu árlegru Tattoo-hátíðarinnar á Íslandi er blásið til tónleika þar sem Rusty Soul, Nögl, Endless Dark og Hoffman rokka fyrir vel húðfúraða og aðra.

ROKK Á ESKIFIRÐI

Valhöll, Eskifirði
00:00 Hljómsveitin Rokk með Sjonna Brink í broddi fylkingar leikur fyrir dansi í Valhöll.

HVANNDALSBRÆÐUR OG SKRÍÐJÓKLARNIR

Spot
00:00 Hvanndalsbræður halda hér stórball til að fagna útgáfu nýjustu plötu sinnar. Skríðjókarnir verða einnig á svæðinu, þeim til halds og trausts. Miðaverð er 2.000 krónur.

HREIMUR Á DANSKA

Den Danske Kro
00:00 Hreimur mundar gítarinn fyrir bjórþyrsta bargesti.

fyrir alla fjölskylduna. Líttinn strák dreymir um að áhöldin í eldhúsinu lifni við. Ástir herra Potts og ungrú Þönnu fara næstum út um þúfur vegna afbrýðisemi daðurdrósarinnar ungrú Kvarnar. Miðaverð 1.500 krónur.

LJÓTU HÁLFVITARNIR

Útisvið á Granda
16:45 Ljótu hálfvitarnir koma fram á Hátíð hafsins og spila þjóðlagaskotna tónlist fyrir gesti og gangandi á útisviði sem staðsett verður á Granda. Skoðuðu fleiri viðburði á hatidhafsins.is.

RÓMEÓ OG JÚLÍA VESTURPORTS

Borgarleikhúsið, Stóra sviðið C
20:00 Árið 2002 frumsýndi Vesturport Rómeó og Júlíu á Litla sviði Borgarleikhússins. Síðan hefur sýningin ferðast víða um heim og hlotið mikla athygli, enda uppsetningin mikið sjónarspil. Þar mætast sirkus og leikhús með nýjum hætti. Frábært tækifæri til að rifja



upp kynnin við þessa skemmtilegu sýningu. Miðaverð 3.950 krónur.

BUFF Á PATRÓ

Félagsheimilið á Patreksfirði
20:00 Hljómsveitin Buff spilar fyrir Patreksfirðinga í tilefni sjómannaðagsins. Klukkan 20 er barnaball en á miðnætti spila Buffararnir fyrir fullorðna fólkið á ekta sjómannaðagsdansleik.

TOM HANNAY Á DANSKA

Den Danske Kro
22:00 Frá klukkan 19 er þynnukvöld á Danska og björinn á 500 kall. Klukkan 22 tekur Tom Hannay upp gítarinn.

TÍUÞYNNKUBÍÓ

Prikið
22:00 Klassíska myndin Robocop verður sýnd á stórum skjá fyrir þá sem vilja spara sér kostnaðinn sem fylgir hefðbundnu þynnukubíó.



DANSLEIKUR MEÐ PÁLI ÓSKARI

Tjarnarborg, Ólafsfirði
23:00 Risa sjómannaðagsdansleikur þar sem enginn annar en poppkóngur Íslands, Páll Óskar, heldur uppi stemningunni allt til klukkan þrjú. Miðaverð 3.000 krónur.

OPNAÐU ÞRÍÐJA AUGAÐ




CHEAP
MONDAY
CLAIRVOYANT



Gleraugnaverslun Kringlunni
Sími 568 9111

www.augad.is

